

ADALFUNDUR ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN Í IÐNÓ MIÐVIKUDAGINN 20. FEBRÚAR 2019 KL 16.30

Útprentuð ársskýrsla Arkitektafélagsins 2018 lá frammi á fundinum og einnig hafði ársreikningur A.Í. 2018 verið aðgengilegur á heimasíðu félagsins um nokkurt skeið. Þar var einnig að finna dagskrá aðalfundar.

Formaður A.Í. Helgi Steinar Helgason setti fund kl. 16.43 og lagði til að fundarstjóri yrði kosinn Halldór Eiríksson og fundarritari Una Eydís Finnsdóttir. Enginn hreyfði andmælum við því.

Fundarstjóri þakkaði traustið og gekk úr skugga um að löglega hefði verið til fundarins boðað. Fundurinn var boðaður þann 5. febrúar 2019 á heimasíðu félagsins og með fréttabréfi í tölvupósti og á sama tíma var dagskrá kynnt. Tilkynnti fundarstjóri að hann lýsti fundinn löglega boðaðan. Engar athugasemdir bárust.

Fyrir fundinum lágu hefbundin aðalfundarstörf.

1. Skýrslur stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða, rekstraráætlun og árgjald
3. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir samkvæmt 12. og 15. grein félagslaga
4. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til, í samráði við stjórn, eina breytingu á auglýstri dagskrá, til þess að gæta að samræmi við lög félagsins: Að ákvörðun um rekstraráætlun og árgjald séu færð undan lið 2 í sér lið 4 og aðrir liðir færist aftar sem því nemur. Dagskráin yrði þá eftirfarandi:

1. Skýrslur stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins og ávöxtun sjóða
3. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir samkvæmt 12. og 15. grein félagslaga
4. Rekstraráætlun og árgjald
5. Önnur mál.

Fundarstjóri tilkynnir að honum hafi borist ósk um að minna fundarmenn á að upptaka af fundinum er ekki heimiluð að hluta né í heild nema með samþykki fundarmanna.

Að venju var minnst þeirra félagsmanna sem fallið hafa frá á árinu. Að þessu sinni var minnst þeirra Haraldar V. Haraldssonar, Jósefs Reynis og Sigurðar Björgúlfssonar. Fundarstjóri bað fundarmenn að rísa úr sætum til heiðurs minningu þeirra.

1. Skýrslur stjórnar og nefnda.

Formaður félagsins Helgi Steinar tók til máls. Hann kom á framfæri kveðju frá Gerði Jónsdóttur framkvæmdastjóra félagsins sem var forfölluð. Umfjöllunarefni formanns má lesa um í Ársskýrslunni.

Helgi Steinar Helgason tilkynnir að hann láti af embætti formanns Arkitektafélagsins á fundinum en hann hefur gegnt embættinu í 2 ár. Hann þakkar fyrir samstarfið og var klappað fyrir honum.

Fundarstjóri tekur til máls og spyr hvort spurningar séu til formanns vegna skýrslu stjórnar. Svo var ekki og því er farið í næsta lið sem eru skýrslur nefnda.

Helgi Steinar tekur aftur til máls og rennir stuttlega yfir skýrslur nefnda sem birtar eru í árskýrslunni. Þar er fjallað um störf Hönnunarmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2018 og þær nefndir sem starfa undir AÍ: Samkeppnisnefnd, siðanefnd, laganefnd, dagskrár- og markaðsnefnd, menntamálanefnd, orðanefnd og kjaranefnd og störf þeirra á árinu.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða

Fundarstjóri tekur við og býður Sóleyju Lilju Brynjarsdóttur, fráfarandi gjaldkera AÍ að taka til máls og kynnir hún ársreikninga félagsins sem liggja sömuleiðis frammi á fundinum.

Árið 2018 var tap upp á 158 þúsund. Árið áður bar hagnað og munaði þar um styrk sem félagið fékk það árið auk þess að vera metár í samkeppnum. Þetta árið hafa tekjur af félagsgjöldum hafa hækkað og eru 2.9 milljónum hærri en í fyrra. Þetta skýrist af hækkun félagsgjalda og aukinni BHM aðild.

Aðrar tekjur voru 4.2 milljónir sem komu nær allar úr samkeppnum. Ekki er gert ráð fyrir sömu tekjum á komandi ári.

Sóley Lilja taldi upp þau fjölmörgu atriði sem peningunum er varið í.

Einn kostnaðarliðurinn er fjárframlag til Hönnunarmiðstöðvar. Eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands, sem eru auk AÍ átta önnur félög, greiða nú gjald til hönnunarmiðstöðvar.

Fundarstjóri tekur til máls og spyr hvort spurningar séu til gjaldkera.

Sigríður Magnúsdóttir spurði hvort allir félagsmenn greiddu útgáfugjaldið. Sóley Lilja staðfesti að svo væri, fyrir utan nema.

Gestur Ólafsson spyr hvers vegna AÍ sé að greiða í Hönnunarmiðstöð. Sóley Lilja svarar því til að Borg og Ríki hafi gert athugasemdir við að styrkja Hönnunarmiðstöð þegar fyrir lægi að eigendur hennar leggðu henni ekki til fé.

Aðrar spurningar voru ekki og þakkaði Sóley áheyrnina.

Fundarstjóri bar ársreikningana upp til atkvæða og voru þeir samþykktir.

3. Kosningar í stjórn og nefndir:

Til stjórnar AÍ bjóða sig fram þau Karl Kvaran til formanns, Böðvar Páll Jónsson og Sigríður Maack. Engin önnur framboð bárust og voru þau sjálfkjörin með lófataki.

Gestur Ólafsson óskaði eftir að heyra í nýkjörnum formanni um hans helstu baráttumál.

Karl Kvaran nýkjörinn formaður AÍ tekur til máls. Hann sagði að starfið yrði unnið með það

fyrir augum að skoða tengsl arkitekta innbyrðis og við samfélagið. Unnið yrði í því að kynna okkur, vinna okkur virðingu í viðræðum þar sem okkar hæfni kæmi til greina. Hann sagðist hafa mikinn hug á að ljúka sjúkrasjóðsmálum og kjaramálum. Hann sagði líka að samkeppnir væru stór og mikilvægur hluti af áherslum félagsins. E.t.v. þurfi að skoða hvaða form við viljum hafa á samkeppnum. Arkitektar þurfa að hafa sterka stöðu í dómnefndum.

Gestur Ólafsson skýtur inn þeirri hugmynd að virkja ætti félagið til að efla verðmætasköpun í þess þágu þar sem fjárhagsstaða félagsins virðist ekki sterk.

Hér á eftir eru niðurstöður annarra kosninga:

Skoðunarmenn ársreikninga: Jakob Línal og Sigríður Magnúsdóttir

Samkeppnisnefnd: Gunnar Sigurðsson til formanns og Laufey Agnarsdóttir. Þriðja manntantar er nefndin og stjórnin hvött til að finna þriðja aðila.

Dagskrár- og markaðsnefnd og Laganefnd: Enginn framboð bærust fyrir fundinn, né á fundinum. Fundarstjóri vísaði því til nýrrar stjórnar að vinna að mönnun þessara nefnda og kynna á félagsfundum.

Menntamálanefnd: Þórarinn Malmquist býður sig fram, vantar tvo. Una Eydís býður sig fram á fundinum. Þórarinn og Una eru sjálfkjörin í hana og eru þau hvött til að finna þriðja aðila með sér.

Siðanefnd: Guðmundur Gunnarsson og Gíslína Guðmundsdóttir. Halldór Eiríksson bauð sig fram eftir áskorun á fundinum. Enginn varamaður er skipaður, en Albína Thordarson mælir með því að skipaður verði varamaður sökum ítrekaðs vanhæfni aðalmanna við afgreiðslu mála.

Orðanefnd. Bjarki Gunnar Halldórsson og Óskar Arnórsson.

Kjaranefnd. Una Eydís Finnsdóttir býður sig fram. Fundarstjóri hvetur stjórn til að finna aðra með henni í nefnd enda brýnt mál

Stjórn Minningarsjóðs Guðjóns Samúelssonar: Karl Kvaran, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Garðar Snæbjörnsson og Erling Jóhannesson.

Fundarstjóri óskar nýkjörnum fulltrúum velfarnaðar og þakkar fráfarandi nefndar og stjórnarmönnum störf fyrir félagið og fundur klappar fyrir þeim.

4. Rekstaráætlun og árgjald.

Fundarstjóri býður Sóleyju Lilju aftur til pontu.

Í rekstaráætlun er lögð til hækkun á almennum félagsgjöldum úr kr. 38.100 í kr. 40.600 á ári til að mæta að hluta minnkandi tekjum af samkeppnum. Einnig myndi hækkunin minnka bilið milli þeirra sem greiða tekjutengd gjöld til AÍ í gegnum BHM og hinna. Í rekstaráætlun er einnig gert ráð fyrir 100.000.- kr. verktakagreiðslu til formanns AÍ, fyrir hans störf.

Fundarstjóri spyr hvort einhver vilji tjá sig um rekstaráætlun og árgjald. Svo reynist ekki vera og þar þá fundarstjóri rekstraráætlunin og árgjaldið upp til atkvæða og voru hvort tveggja samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða með handauppréttingu

5. Önnur mál

A. Stjórn óskar eftir að ræða Samspil Sjúkrasjóðs Arkitekta, Kjarasamnings og BHM aðildar. Fundarstjóri býður Sóleyju Lilju í pontu. Sóley tekur við og fer yfir málið. Nú er

arkitektafélagið og BHM að reyna að koma á kjarasamningi milli AÍ og Samark. Samningamál stranda á því að arkitektar borga í tvo sjúkrasjóði með mismunandi iðgjöld og skilmála, Annarsvegar sjúkrasjóður Arkitekta í rekstri VR. Í hann er greitt 1,5% og virkjast hann á 3.mánuði. Hinsvegar sjúkrasjóður BHM sem í er greitt 1% (fer aðeins eftir aðstæðum) en hann virkjast ekki fyrr en eftir 6 mánuði. Málið er rætt fram og aftur og tóku ýmsir til máls. Til að hægt sé að fara með sjúkrasjóðinn frá VR þarf að gera upp þjónustusamninginn milli hans og VR. Síðasta stjórn sjóðsins (1998) hefur enn umboð til umsjónar með sjóðnum og er að vinna í uppgjörsmálum við VR. Í stjórn sjóðsins eru Jóhannes Þórðarson, Ásgeir Ásgeirsson og Lárus Guðmundsson.

Sigríður Magnúsdóttir tók til máls. 1998 var þessi tímabundni samningu við VR var gerður. VR átti að þjónusta sjóðinn en ekki að geyma. Enda er hann varðveittur hjá VÍB. VR hefur aldrei fengið greitt fyrir útlögðum kostnaði frá sjúkrasjóðnum. Það var umrót í hruninu og spurning hvort sjúkrasjóður arkitekta ætti að sameinast sjúkrasjóði VR? Tryggingaverndin er að veita meiri tryggingavernd en VR sjóðurinn er að gera. Það var á sínum tíma ekki fýsilegt að fara þangað inn. Hún spyr hvert vandamálið sé. Hvort ekki sé hægt að gera kjarasamning með tvo sjúkrasjóði.

Una Eydís tekur til máls. Kjaranefnd AÍ eigi að koma á kjarasamningi milli AÍ sem er innan BHM og Samark sem sé komið inn í Samtök Iðnaðarins, SI, sem séu undir Samtökum Atvinnulífsins, SA. Stór hluti kjarasamning snúist um sjúkrasjóði og hvernig bregðast skuli við verði launþegi fyrir veikindum eða slysi. Ef margir launþegar séu að greiða í sjúkrasjóð arkitekta þá sé spurning hvort gera þurfi tvo kjarasamninga.

B. Siðareglur AÍ.

Karl Kvaran tekur til máls. Stjórn AÍ minnir á að um félagsmenn gildi siðareglur sem finna megj á heimasíðu félagsins.

Siðanefnd veitti einaáminningu á árinu.

Grein 4.4. í siðareglum AÍ: „Arkitekt sem til er leitað af verkkaupa um að taka við verkefni úr hendi annars arkitekts, þar með talið að breyta eða auka við mannvirki, skal gera starfsbróður sínum viðvart svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna.“

Nýkjörinn formaður minnti arkitekta á að vera góð við hvort annað þar sem það líti út fyrir að vera lægð í uppsiglingu og því komin aukin harka í starfsumhverfið.

Karl sagði frá því að um þessar mundir liggja tvö mál á borði stjórnar AÍ:

Annars vegar mál Ydda arkitekta gegn FSS og HÍ vegna samkeppni um nýja stúdentagarða við Gamla Garð og hins vegar ákæra Andrúm arkitekta til FSR vegna samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðið.

Bæði þessi mál komu upp í kjölfar samkeppna. Er tímabært að halda félagsfund um samkeppnismál í stóru samhengi og hvert við viljum stefna með þau? Við verðum að geta treyst strúktúrnum sem heldur utan um samkeppnir.

Fundarstjóri spyr hvort aðrir vilja tjá sig um málið.

Til máls tekur Steinþór Kári Kárasón:

Arkitektasamkeppnir eru mjög stórt mál og þær eru lykilpóstur í okkar starfi, eitthvað sem

við sem stétt eigum að standa vörð um. Ef horft er tilbaka þá komu lög um opinber innkaup og fóru að hafa áhrif á arkitektasamkeppnir.

Samkeppnir hafa alltaf verið bornar uppi af faglega skipuðum dómsmönnum og snérist um ólögfræðivæn og ómælanleg atriði, arkitektúr en fóru all í einu í farveg mælanlegra stærða um innkaup. Við þurfum að halda utan um þetta svo við missum okkur ekki endanlega í bjúrókratana. Við í Kurt og Pí tengjust seinna málinu sem er á borði stjórnar og þar snýst þetta um formúlu í excel töflu. Þar viljum við ekki vera. Við teljum mjög mikilvægt að þegar fjallað sé um okkar tillögur um byggt umhverfi þá sé það á faglegan hátt, ekki eftir formúlum.

Í kjölfarið las Steinþór Kári ályktun til samþykktar á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir umræðum um ályktunina.

Tóku ýmsir til máls og eru hér nokkur ummæli dregin fram.

Björn H. Jóhannesson tók til máls um um báðar ofangreinar samkeppnir, stúdentagarða við Gamla Garð og viðbyggingu við Stjórnarráðið.

Hann telur að samkeppnislýsing um stúdentagarða hafi verið mjög óljós. Látið að því liggja að tillagan ætti að fá sem flest herbergi.

Varðandi Stjórnarráðið hafi reiturinn verið allt of lítill. Hann hafi lesið það út úr gögnunum að verið væri að biðja um byggingu á tveimur hæðum. Einnig hafi verið óljóst hvað skrifstofuherbergi ætti að vera stórt. Björn telur mikilvægt að vanda til gerðarsamkeppnislýsinga og er ekki fylgjandi ályktuninni.

Karl Kvaran: mér finnst þetta mjög athyglisverð og góð ályktun. Mjög mikilvægt í þessu líka að dómnefnd sem er valin af félaginu fái sjálfstæði og hjálp til að vinna að dómnefndarstörfum. Hvernig getum við hjálpað dómnefndinni að láta vita af því að hlutir stemma ekki. Hvernig gæti dómnefnd flaggað þessu?

Pétur H. Ármannsson tekur til máls.

Það er spursmál um hvort samkeppnisformið er notað áfram. Mál séu sett í hendur á nefnd sem er skipuð lögfræðingum, til að fjalla um útboð. Útboð fjalla bara um mælanlegar stærðir, fermetra og kostnaðartölur. Lífsspursmál fyrir þetta fagfélag að þetta verði ekki ofan á, unnið að þessu síðan 1930 að þróa og byggja upp þessa menningu sem samkeppnisformið er. Það er grundvallarmunur á útboði og samkeppni.

Hönnunarsamkeppni fjalli um hönnunarlega þætti. Það er ekki unnið í útboði. Ef það fellur dómur í þessu máli á forsendum mælanlegra stærða, ef ekki er hægt að nota formið til að fá fram óvæntar og frumlega hugmyndir sem útbjóðandi keppninar gat ekki séð fyrirfram er samkeppnisformið búið spil. Hæðarfjöldi var frjálst í samkeppninni um viðbyggingu við Stjórnarráð. Hvergi var sagt að að húsið þyrfi að vera á tveimur hæðum. Veruleg hætta í aðsigi. Finnist einhversstaðar misræmi í excel töflu og þá dæmi lögfræðingar keppnina úr leik.

Þórarinn Malmquist tók til máls. Hann telur þetta mikilvægt mál. Tveir aðilar að þessu máli. Við þurfum að passa að við séum ekki að taka lagalega afstöðu heldur verja okkar fag. Fannst umræðan fjalla of mikið um málin sjálf.

Eftir þó nokkrar umræður um ályktunina, inntak hennar og orðalag var eftirfarandi

samþykkt af meirihluta fundarmanna með handauppréttingu:

„Aðalfundur Arkitektafélags Íslands, haldinn í Iðnó, Reykjavík, miðvikudaginn 20. Febrúar 2019, samþykkir eftirfarandi ályktun:

Arkitektafélag Íslands fagnar því að hönnunarsamkeppnir opinberra aðila skuli vera haldnar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, enda hvetja þær til fjölbreytni, nýsköpunar og frumlegra lausna. Samkeppnir með aðkomu fagfélagsins hafa um áratuga skeið verið mikilvægasti vaxtarbroddur í framþróun byggingarlistar í landinu.

Aðalfundurinn vill að gefnu tilefni vekja athygli á þeim eðlismun sem er á hefðbundnu útboði annars vegar, þar sem tilboð í verk eru metin út frá mælanlegum stærðum, og hönnunarsamkeppni hins vegar, þar sem markmiðið er að fá fram bestu heildarlausn með tilliti til ólíkra, matskenndra þátta sem skilgreindir eru í samkeppnislýsingu undir Áherslum dómnefndar (sbr. grein 3.2.4 í Leiðbeiningum um Hönnunarsamkeppni frá 2011).

Aðalfundurinn ítrekar mikilvægi þess að félagið eigi a.m.k. tvo fulltrúa í dómnefndum og að dómnefndir hafi sjálfstæði til þess að meta tillögur samkvæmt þeim áherslum sem hún leggur til grundvallar í samkeppnislýsingu. Sjálfstæði dómnefnda er nauðsynlegt ef tryggja á að heildstæðar lausnir sem byggjast á vandaðri byggingarlist verði fyrir valinu í hönnunarsamkeppnum.

Aðalfundurinn áréttar jafnframt mikilvægi þess að leitað sé allra leiða til að semja við 1. verðlaunahafa, þegar til framkvæmda kemur. Ef nauðsynlegt reynist að breyta tillögu, t.d. vegna breyttra forsendna, skal ávallt leita til handhafa 1. verðlauna og gefa honum tækifæri til að aðlaga sína tillögu að nýjum forsendum.“

Fundi slitið kl. 18.30, fundarstjóri þakkar fundargestum fyrir komuna.

fundarritari,
Una Eydís Finnsdóttir

fundarstjóri,
Halldór Eiríksson